

KIRKJUGARÐARÁÐ

**187. fundur haldinn fimmtudaginn 13. október 2022
á Hafnarbraut 14b, Kópavogi**

Pátttakendur voru:

Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins.

1. Fundur settur.

Fundur var settur kl. 13:30
Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Bréf frá stjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma vegna ástands bálstofunnar í Fossvogi.

Kirkjugarðaráð fjallaði um erindið og tók undir áhyggjur framkvæmdastjórnar KGRP. Ennfremur lýsti ráðið áhyggjum sínum um öryggismál og mun leggja til við framkvæmdastjórnina að gerð verði úttekt á öryggismálum hið fyrsta.

3. Norræn ráðstefna haldin í Tampere í Finnlandi 14. – 16. september s.l.

Guðmundur Rafn Sigurðsson tók þátt og sagði frá ráðstefnunni.

4. Grafarsjóður – staða mála.

Smári Sigurðsson gerði grein fyrir stöðu grafarsjóðs, sem hefur gengið erfiðlega að láta ná endum saman. Unnið er að úrbótum.

5. Heimagrafreitur á Fjalli á Skeiðum.

Guðmundur Rafn Sigurðsson gerði grein fyrir erindinu. Formanni og framkvæmdastjóra falið að kanna málið.

6. Erindi frá ríkislögreglustjóra vegna könnunar á innri áætlun og beinni þátttöku í viðbragði við fyrstu bylgju Covid-faraldursins.

Framkvæmdastjóra falið að kanna málið og svara erindinu.

7. Næsti fundur og ákvörðun um fundartíma í vetur.

Næsti fundur verður haldinn 10. nóvember. Annað hvort hjá Minjastofnun eða fjarfundur.

8. Önnur mál.

Þórsteinn þakkaði fyrir ánægjulegt samstarf undanfarna áratugi. Ráðið þakkaði Þórsteini og Elsu konu hans innilega fyrir frábærar móttökur og einstaklega ánægjulega samveru.

Fundi slitið kl. 16:15.

Ragnhildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari